

Nd.

18. Frumvarp til laga

[18. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

1. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir sem:

1. eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram,
2. eiga íslenskan ríkisborgararétt og
3. eiga lögheimili hér á landi eða hafa átt það á síðustu fjórum árum, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag.

2. gr.

5. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

- a. Í stað „kosningar“ í b-lið 1. mgr. komi: almennar alþingiskosningar.
- b. Í stað „alþingiskosningum“ tvívegis í b-lið 1. mgr. komi: almennum alþingiskosningum.
- c. 2. mgr. orðist svo:

Að loknum hverjum almennum kosningum til Alþingis auglýsir dómismálaráðuneytið í B-deild Stjórnartíðinda hvernig þingsæti samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar skiptast milli kjördæma í næstu almennum alþingiskosningum. Með þingsætatölu kjördæmis er átt við samtölu þingsæta í kjördæminu samkvæmt a- og b-lið.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Sá sem sæti á í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn skal víkja sæti ef hann er í kjöri til Alþingis.

4. gr.

15. gr. (sbr. lög nr. 48/1968 og 66/1984) orðist svo:

Á kjörskrá skal taka:

1. Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og lögheimili áttu í sveitarfélaginu 1. desember næst á undan þeim tíma er kjörskrá skal lögð fram samkvæmt 1. mgr. 19. gr.
2. Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og áttu ekki lögheimili í sveitarfélaginu 1. desember næst á undan þeim tíma er kjörskrá skal lögð fram en eiga þó kosningarrétt samkvæmt 3. tölul. 1. gr. enda hafi þeir átt lögheimili í sveitarfélaginu þegar þeir fóru af landi brott.
3. Þá sem skortir það eitt á að uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. þessarar greinar að þeir hafa ekki náð 18 ára aldri, ef þeir ná þeim aldri fyrir lok þess árs er kosning fer fram. Skal þess þá getið í athugasemd við nafn viðkomandi á kjörskránni hvaða mánaðardag hann hefur náð þeim aldri og skal rita framan við mánaðardaginn: **Fær atkvæðisrétt**. Nafn hans skal undirstrika eða auðkenna greinilega á annan hátt.

5. gr.

21. gr. breytist þannig:

- a. Við 1. mgr. bætist: Úrskurðinn skal þegar tilkynna hlutaðeigandi, svo og hreppsnefnd eða bæjarstjórn er mál getur varðað.
- b. 3. mgr. (sbr. lög nr. 90/1981) falli niður.

6. gr.

Við 1. mgr. 24. gr. bætist: Skal kjörstjórn þegar tilkynna oddvita yfirkjörstjórnar niðurstöðuna, svo og hreppsnefnd eða bæjarstjórn sem mál getur varðað.

7. gr.

Í stað „3 vikum og 3 dögum“ í 1. mgr. 26. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: 4 vikum.

8. gr.

Í stað „þess háttar, undirkjörstjórnir um“ í 2. mgr. 35. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: þess háttar. Undirkjörstjórnir bóka um.

9. gr.

Síðasti másl. 2. mgr. 42. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) falli niður.

10. gr.

44. gr. breytist þannig:

- a. Við 1. mgr. bætist: Það skal og láta í té spjöld með glugga á og vasa á bakhlið, ætluð blindum og sjóndöprum.
- b. Í stað „4 vikum“ í 2. mgr. komi: 3 vikum.

11. gr.

Orðin „vegna fjarveru“ í 45. gr. falli niður.

12. gr.

3. mgr. 53. gr. orðist svo:

Þess skal getið um hvern lista fyrir hvaða stjórnmalasamtök hann er í kjöri á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn en ofan við nöfnin á listanum: **Listi** (nafn stjórnmalasamtakanna).

13. gr.

4. mgr. 59. gr. (sbr. lög nr. 37/1979) verði 2. mgr. 83. gr.

14. gr.

62. gr. orðist svo:

Kjósandi, sem gerir ráð fyrir því að hann geti ekki vegna fjarveru eða af öðrum ástæðum sótt kjörfund á kjördegi á þeim stað þar sem hann er á kjörskrá, hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar eftir þeim reglum sem settar eru í lögum þessum.

15. gr.

1. mgr. 64. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Kjósandi, er neyta vill kosningarréttar síns utan kjörfundar, á rétt á að greiða atkvæði úr því að 3 vikur eru til kjördags og fram á kjördag. Fari kosning fram fyrir þann tíma er hún ógild. Atkvæði telst greitt þann dag sem fylgibréfið er dagsett.

16. gr.

Í stað 1.–3. mgr. 66. gr. (sbr. lög nr. 37/1979) komi fjórar málsgreinar, svo hljóðandi: Áður en kjósanda, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, eru afhent kjörgögn, skal hann skýra kjörstjóra frá því að hann geti ekki sótt kjörfund á kjördegi. Skal kjósandi, ef kjörstjóri óskar þess, sanna hver hann er með því að framvísa nafnskírteini eða á annan

fullnægjandi hátt. Kjörstjóri skal færa nafn og aðrar upplýsingar um kjósanda í bók sem yfirkjörstjórn löggildir í þessu skyni.

Að þessu loknu fær kjósandi afhent tölusett fylgibréf með áföstum kjörseðli og blindraspjald, ef því er að skipta, sbr. 44. gr., og skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt er að framan greinir, loka honum síðan þannig að það verði innan á er hann hefur skrifað á seðil sinn og líma hann vandlega aftur.

Kjörstjóri útfyllir því næst vottorð á fylgibréfinu og kjósandi undirskrifar það en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða einkenna á nokkurn hátt né losa hann frá fylgibréfinu. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.

Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé höndin ónothæf skal starfsmaður kjörstjóra, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Heimilt er þeim sem aðstoð veitti að undirrita fylgibréfið fyrir hönd kjósanda í viðurvist kjörstjóra. Um aðstoðina skal bóka í gerðabók kjörstjóra og á fylgibréfið að tilgreindum ástæðum. Óheimilt er með öllu að bjóða þeim aðstoð sína er þannig þarfnast hjálpar.

17. gr.

6. mgr. 71. gr. (sbr. lög nr. 37/1979) falli niður.

18. gr.

Í stað 3. másl. 76. gr. komi: Skal kjörstjórnin þá þegar bera bréfin saman við kjörskrá en leggur þau að öðru leyti til hliðar og varðveitir þau meðan atkvæðagreiðsla fer fram, ásamt þeim atkvæðum greiddum utan kjörfundar er henni kunna að hafa borist eða berast meðan á atkvæðagreiðslunni stendur. Ef kjósandi er ekki á kjörskrá í kjördeildinni (sveitarfélaginu) skal kjörstjórnin kanna hvar kjósandi er á kjörskrá og ef unnt er koma kjörbréfi í rétta kjördeild en ella fer um bréfið eins og segir í 5. mgr. 71. gr.

19. gr.

92. gr. orðist svo:

Kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar vegna ráðgerðra forfalla sem síðan reynast ekki fyrir hendi á kjördegi, getur greitt atkvæði á kjörfundi og kemur utankjörfundarseðill hans þá ekki til greina við kosninguna.

20. gr.

Orðin „eða það sannist fyrir kjörstjórn, að hann sé staddur á kjörstaðnum (sbr. 92. gr.)“ í 96. gr. falli niður.

21. gr.

Við 2. mgr. 101. gr. bætist: sem geymir kjörskrárnar í tvö ár, en að því búnu skal brenna þær.

22. gr.

Í stað „sama stjórn málaflökki“ í 103. gr. komi: sömu stjórn málasamtökum.

23. gr.

Í stað „stjórn málaflökks“ í 1. mgr. 106. gr. komi: stjórn málasamtaka.

24. gr.

2. mgr. 109. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Yfirkjörstjórn skal tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslu um atkvæðatölur. Skal þar tilgreina hvernig atkvæði hafa fallið á hvern lista fyrir sig og atkvæðatölur hvers frambjóðanda. Enn fremur tölu kjósenda á kjörskrá. Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórn-um í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

25. gr.

Síðari másl. 3. mgr. 111. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) falli niður.

26. gr.

3.–6. töluliður 112. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

3. Nú er upphaflegur þingsætahlutur lista samkvæmt 111. gr. minni en 0,6 og á hann þá ekki tilkall til þingsætis samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.
4. Nú eru tveir eða fleiri þingsætahlutir jafnstórir þegar að þeim kemur samkvæmt 1. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.
5. Nú eru of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans samkvæmt 1. tölul. og skal þá ganga fram hjá þeim lista.
6. Nú tekst ekki að úthluta þeirri tölu þingsæta sem fram kemur í 2. tölul. eða að sætum hefur verið úthlutað samkvæmt 1. tölul. á grundvelli neikvæðs þingsætahlutar og skal þá taka allar úthlutanir í þessu kjördæmi til baka og úthluta á nýjan leik eftir að þingsætismark það, sem nefnt er í 3. tölul. og upphaflega er 0,6, hefur verið lækkað um 0,1. Eigi ákvæði þessa töluliðar enn við að lokinni þeirri úthlutun skal beita því á ný svo oft er þarf.

27. gr.

117. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Landskjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublað er Hagstofan lætur í té.

28. gr.

Í stað „hefur“ í 1. másl. 118. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: hafa.

29. gr.

Á eftir 1. másl. 3. mgr. 120. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi nýr máslíður, svo hljóðandi: Í kaupstöðum, þar sem kjördeildir eru fleiri en ein, kemur yfirkjörstjórn kaupstaðar í stað undirkjörstjórna.

30. gr.

Í stað „sbr. 121. og 122. gr.“ í 121. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: sbr. 128. og 129. gr.

31. gr.

125. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

- a. Í stað „flokksmerki“ í 4. og 5. tölul. komi: merki stjórnmalasamtaka.
- b. Í stað „heimilisfastan“ í 6. tölul. komi: eiga lögheimili.

32. gr.

128. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

- a. Á undan „yfirkjörstjórn“ í 1. mgr. komi: landskjörstjórn og.
- b. 4. mgr. orðist svo:

Ef þingmaður hefur verið í kjöri á tveimur listum í kjördæmi eða kjördæmum við hinar sömu alþingiskosningar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

- c. 5. mgr. falli niður.

33. gr.

133. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

- a. 2. tölul. orðist svo: Ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum.
- b. 9. tölul. falli niður.

34. gr.

2. tölul. 134. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Ef kjörstjórnarmaður eða starfsmaður utankjörfundarkjörstjóra sem aðstoð veitir, sbr. 66. og 88. gr., segir frá því hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra, svo og ákvæði laga nr. 6 6. apríl 1966, nr. 48 30. apríl 1968, nr. 15 5. apríl 1974, nr. 90 31. desember 1981, nr. 4 15. mars 1983 og nr. 66 1. júní 1984, allra um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, inn í þau lög og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis hefur verið lagt fram á undangengnum tveimur þingum en eigi hlotið afgreiðslu. Frumvarpið er nú enn flutt og er það óbreytt að undanskilinni 26. gr., sem breytt er í samræmi við nefndarálit og breytingartillögu kosningalaganefndar á síðasta þingi.

Vorið 1984 voru samþykkt á Alþingi lög um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 66 1. júní 1984. Voru lögini samþykkt í kjölfar breytinga á stjórnarskránni þar sem breytt var ákvæðum um skiptingu þingsæta milli kjördæma, kosningaaldur lækkaður o. fl.

Við meðferð kosningalagafrumvarpsins í þingnefnd var af hálfu dómsmálaráðuneytisins komið á framfæri nokkrum athugasemdum og ábendingum varðandi efni frumvarpsins, þó ekki reiknireglur, svo og ábendingum um lagfæringar á nokkrum atriðum í kosningalögum og ábendingum um atriði sem æskilegt væri að breyta eða ástæða til að íhuga nánar.

Voru athugasemdir þessar og ábendingar skoðaðar af þingnefnd og fulltrúum þingflokka og gengið frá breytingartillögum við lagafrumvarpið. Ekki vannst þó tími til að afgreiða tillögurnar en gert var ráð fyrir því að þær yrðu lagðar fyrir Alþingi er það kæmi saman að nýju. Er efni frumvarps þessa, að undanskilinni 26. gr., í samræmi við þær tillögur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Með stjórnarskrárbreytingunni var ákveðið að í kosningalögum megi víkja frá lögheimili hér á landi sem skilyrði fyrir kosningarrétti. Með breytingu á kosningalögum var ákveðið að kosningarrétt skuli þeir íslenskir ríkisborgarar hafa sem átt hafa lögheimili hér á fjórum síðustu árum fyrir kjördag. Breyting frumvarpsins felur í sér að miða tímabilið við fjögur ár talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag. Er það gert til hagræðis og öryggis við kjörskrágerð. Kjörskrár samkvæmt 1. tölul. 15. gr. kosningalaga eru miðaðar við 1. desember. Enn fremur er íbúaskrá þjóðskrárinnar árlega færð upp miðað við 1. desember.

Við 2. gr.

Breytingarnar eru til samræmis við ýmis önnur ákvæði kosningalaga þar sem greint er á milli almennra kosninga og uppkosninga.

Við 3. gr.

Vegna breytts hlutverks landskjörstjórnar er lagt til að sömu reglur verði látnar gilda um það hvenær landskjörstjórnarmaður vikur sæti og gilda um aðra kjörstjórnarmenn.

Við 4. gr.

Greinin er efnislega í samræmi við gildandi lög, en með breyttu orðalagi. Notað er orðið lögheimili í stað heimilisfastur/-festi. Er það til samræmis við ákvæði 1. gr. laganna og ákvæði 33. gr. stjórnarskrárinnar og vísar til laga um lögheimili (nr. 35/1960). Ákvæði er svarar til niðurlags 3. tölul. 15. gr. laganna er felld niður enda ákvæðið óákveðið.

Við 5. og 6. gr.

Lagt er til að efni 3. mgr. 21. gr. laganna flytjist í 1. mgr. 21. gr. og 1. mgr. 24. gr.

Við 7. gr.

Lagt er til að framboðsfrestur renni úr 4 vikum fyrir kjördag í stað þremur vikum og þremur dögum fyrir kjördag. Er það gert til að lengja þann tíma sem kjósendur geta greitt atkvæði utan kjörfundar. Verður sá tími þrjár vikur, sbr. 15. gr. frv. Jafnframt styttist í eina viku sá tími sem yfirkjörstjórnir og landskjörstjórn hafa til að fjalla um framboð.

Við 8. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Við 9. gr.

Samkvæmt 15. gr. frv. er lagt til að breytt verði upphafi 1. mgr. 64. gr. laganna um það hvenær utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst. Verður niðurlag 2. mgr. 42. gr. laganna þá óþarft.

Við 10. gr.

Lagt er til að í 44. gr. laganna komi, til staðfestingar á framkvæmd, ákvæði um að dómsmálaráðuneytið skuli láta í té blindraspjöld vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu, sbr. 66. gr. laganna.

Ákvæði b-liðar er til samræmis við 15. gr. frv. um upphaf utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Við 11. gr.

Breytingin er til samræmis við breytingar sem áður hafa verið gerðar á 62. gr. laganna þar sem fjarvera er ekki lengur eina skilyrðið fyrir því að fá að kjósa utan kjörstaðar.

Við 12. gr.

Breytingin er til samræmis við 27. og 41. gr. laganna eins og þær eru nú.

Við 13. gr.

Eðlilegt þykir að ákvæði 4. mgr. 59. gr. laganna flytjist í 83. gr.

Við 14. gr.

Lagt er til að slakað verði á skilyrðum fyrir því að kjósandi megi greiða atkvæði utan kjörfundar, þannig að nægi að kjósandi geri ráð fyrir því að geta ekki sótt kjörfund á kjördegi þar sem hann er á kjörskrá.

Við 15. gr.

Lagt er til að fest verði í lög hvenær utankjörfundaratkvæðagreiðsla skuli hefjast og að það skuli vera þremur vikum fyrir kjördag.

Við 16. gr.

Ákvæði 1. mgr. er í samræmi við 1. og 2. málsl. 1. mgr. 66. gr. laganna en breytt til samræmis við breytta 62. gr. samkvæmt 14. gr. frv. Þar er og ákvæði um að kjósandi, er greiða vill atkvæði utan kjörfundar, skuli, ef þess er óskað, sanna hver hann er í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laganna um atkvæðagreiðslu á kjörstað.

Ákvæði 2.–4. mgr. eru efnislega í samræmi við 3. málsl. 1. mgr. og 2. og 3. mgr. 66. gr. laganna en ákvæðin umskrifuð og lagfærð.

Við 17. og 18. gr.

Gert er ráð fyrir því að efni 6. mgr. 71. gr. laganna komi í 76. gr.

Við 19. og 20. gr.

Ákvæðin tengjast breytingu á 62. gr. laganna, sbr. 14. gr. frv.

Við 21. gr.

Ákvæði hefur vantað um geymsluskyldu kjörskráa.

Við 22. og 23. gr.

Breytingarnar eru til samræmis við áður gerðar breytingar á 27. gr. laganna.

Við 24. gr.

Tekið er fram að yfirkjörstjórnir skuli senda skýrslu um tölu kjósenda á kjörskrá. Nauðsynlegt er að kveða á um þetta atriði vegna fyrirmæla í b-lið 5. gr. laganna þar sem tala kjósenda á kjörskrá er lögð til grundvallar við skiptingu þingsæta milli kjördæma.

Við 25. gr.

Málsliðurinn telst óþarfur.

Við 26. gr.

Efni greinar þessarar er í samræmi við tillögur kosningalaganefndar á síðasta Alþingi. Mjög orkar tvímælis að ákvæði 4. tölul. 112. gr. laganna samrýmist stjórnarskránni. Er óhjákvæmilegt að breyta honum og eru aðrar breytingar á greininni því tengdar.

Við 27. gr.

Lagt er til að Hagstofan fái skýrslu um kosninguna, þ. e. meira en skýrslu um atkvæðatölur og úthlutun þingsæta. Er ákvæðið hliðstætt 117. gr. laganna eins og sú grein var.

Við 28. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Við 29. gr.

Ákvæðið er til fyllingar vegna kaupstaða, annarra en Reykjavíkur, þar sem kjördeildir eru fleiri en ein, sbr. 2. mgr. 10. gr. laganna.

Við 30. gr.

Leiðrétting.

Við 31. gr.

Ákvæði a-liðar er til samræmis við áður gerðar breytingar á 27. gr. laganna.
Ákvæði b-liðar er til samræmis við breytingar á 15. gr. laganna, sbr. 4. gr. frv.

Við 32. gr.

Ákvæði a-liðar er vegna breytts hlutverks landskjörstjórnar.
Ákvæði b-liðar er vegna áður gerðra breytinga á 27. gr. laganna.
Ákvæði c-liðar er til samræmis við breytingar á 92. og 96. gr. laganna, sbr. 19. og 20. gr. frv.

Við 33. gr.

Ákvæði a-liðar er vegna áður gerðra breytinga á 27. gr. laganna.
Ákvæði b-liðar er til samræmis við breytingar á 92. gr. laganna, sbr. 19. gr. frv.

Við 34. gr.

Breytingin er til samræmis við breytingar á 66. gr. laganna, sbr. 16. gr. frv.

Við 35. gr.

Parfnast ekki skýringa.